

Mánudaginn hinn 8. aprílmánaðar.

Nr. 57/1906:

Jón Th. Hansson  
 gegn  
 verzluninni »Godthaab«.

D ó m u r:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 12. júlí f. á. í málinu Jón Th. Hansson gegn verzluninni »Godthaab« í Reykjavík út af skuld eða endurborgun á 351 krónu og 22 aurum, sem sækjandi taldi til hjá nefndri verzlun, var hún sýknuð af kröfu stefnandans, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Jón Th. Hansson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 28. desbr. f. á., og krafist, að honum verði hrundið, og að áfrýjandi fái sér til-dæmda kröfu þá, er hann álitur sig að hafa á verzlunina »Godthaab«, auk vaxta af sömu upphæð og málskostnað fyrir báðum réttum. Hins vegar hefir stefndi krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirrétti.

Þess skal þegar getið, að krafa áfrýjanda er 351 kr. 22 a.; en þar sem í kærinni til sáttanefndar að eins eru nefndar 351 kr., verður ekki í þessu máli um aðra upphæð að ræða.

Hinn 5. jan. 1904 samdist svo milli málsaðila, að verzlunin »Godthaab« skyldi lána áfrýjanda til útgjörðar á fiskiskipinu »Ísland« vissa upphæð í peningum og vörur eftir þörfum móti því að áfrýjandi afhenti verzluninni vertíðarafla skipsins hér jafnóðum og hann yrði fluttur í land; skyldi verzlunin annast um verkun á fiskinum, og

fá greitt af andvirði hans það er hún lánaði til útgjörðarinnar. Áfrýjandi uppfylti þó ekki samning þennan að sínu leyti, heldur lagði hann aflann upp á Dýrafirði vestra. Við lok útgerðartímans 1904 var áfrýjandi skuldugur verzluninni um 1959 kr. 21 e. Við þessa skuld kannaðist áfrýjandi og gaf út skuldabréf fyrir henni 17. okt. 1904, og skyldi samkvæmt bréfinu skuldinni lokið 20. nóv. s. á. — Það sést ekki, að nokkuð hafi verið greitt, hvorki þann dag né síðar á árinu.

En eftir mikla rekistefnu og fyrirhöfn fekk Godthaabsverzlun loksins greidda upp í skuldina hjá Gramsverzlun á Ísafirði kr. 351,22 þann 6. október 1905. En 8. desember næst eftir gaf procura-hafi verzlunarinnar Thor Jensen út yfirlýsingu á þá leið, að ef skipstjóri Jón Hansson (áfrýjandi) greiddi sér 1000 krónur innan 26. jan. 1906, þá skyldi honum eftirgefnar þær 1959 kr., sem verzlunin ætti hjá honum. 18. janúar 1906 greiddi áfrýjandi þessar 1000 kr. Fekk hann þá kvittun fyrir allri skuldinni.

Áfrýjandi vill nú halda því fram, að yfirlýsinguna frá verzluninni beri að skilja þannig, að frá nefndum 1000 kr. ætti að draga þær 351 kr. 22 a., sem Gramsverzlun hafði greitt henni, og að hann því ekki hefði átt að greiða nema 648 kr. 78 a., og hafi hann greitt 1000 krónurnar með fyrirvara; heimtar því sér endurgreiddar 351 kr. 22 a. — Yfirlýsingin er að því leyti miður vel orðuð, að í henni er að ræða um eftirgjöf á 1959 kr., eða hinni upprunalegu skuldarupphæð, þótt búið væri að greiða upp í hana 351 kr. 22 a., en meiningin gat ekki verið önnur en sú, að verzlunin kvittaði fyrir upphæð skuldabréfsins frá 17. okt. 1904.

þegar þær 1000 kr. auk oftnefndra 351 kr. 22 a. sem nefndar eru í yfirlýsingunni væri greiddar. Sú staðhæfing áfrýjanda, að hann ekki fyr en seint og síðar meir hafi vitað af því, að Grams verzlun hefði greitt Godthaabs verzlun 251 kr. 22 a., á ekki við nein rök að styðjast, því að það er komin fram næg sönnun fyrir því, að Grams verzlun hafi greitt féð eftir beiðni áfrýjanda, sbr. yfirlýsing verzlunarstjórans C. Proppé 30. jan. 1906, eins og það líka er ljóst, að procuruhafa Godthaabs verzlunar var fullkunnugt um greiðsluna frá Grams verzlun þegar hann gaf út yfirlýsinguna 8. des. 1905. Samkvæmt framansögðu verður því ekki öðru vísi litið á, en að áfrýjandi hafi, til þess að kvittuð yrði skuld hans við verzlunina, orðið að greiða 1000 kr. auk þess, sem greitt var frá Grams verzlun, og að hann því ekki geti krafist neinnar endurborgunar hjá stefnda. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Jón Th. Hansson greiði verzluninni »Godthaab« málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.